

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna Ytra-Seljalands.

Skipulagsstofnun staðfesti 13. ágúst 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. mars 2024.

Í breytingunni felst að gerð er breyting á afmörkun frístundasvæðis F31 í landi Ytra-Seljalands, en stærð þess er óbreytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 13. ágúst 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 15. ágúst 2024